



**NOTENDALEIÐBEININGAR
FYRIR
INVACARE FUTURA**

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

Almennar upplýsingar

- 1.1** Almennar upplýsingar
Lesið notkunarleiðbeiningarnar vandlega
Fullvissið ykkur um að að tækið henti notandanum
- 1.2** Merkingar
Í leiðarvísinum eru neðangreind merki til upplýsinga eða aðvörunar.



Aðvörun
Aðvörun Ef leiðbeiningum er ekki fylgt, getur það valdið slysum.



Nytsamar upplýsingar.


1.3 Endingartími

Endingartími vörunnar er um fimm ár miðað við eðlilega notkun og rétt viðhald.

Raunverulegur endingartími getur verið mismunandi, háð notkun og meðhöndlun grindarinnar

1.4 Vörumerking

- 1 Vörunúmer
- 2 Heiti
- 3 Seralnummer
- 4 Framleiðsluár
- 5 Hámarksþyngd
- 6 ATH leiðbeiningar
- 7 Notkun úti og inn
- 8 Hámarksbreidd
- 9 Nafn framleiðanda




1.5 Reglur um hámarksþyngd.

Grindina má eingöngu nota sem hjálpartæki við göngu.
Hámarks burðarþyngd Futura er 150kg,.

Ef grindinni er breytt (td til aðlögunar eða ef viðhaldi er ábótavant)
án samráðs tekur INVACARE ekki ábyrgð á vörunni.

Hámarks burðargeta miðast við þyngd notanda ásamt innihaldi
körfu/bakka/hillu, burtséð frá hvort notandinn stendur eða situr.



Mál Futura	Hæð og breidd			
	680	600	520	450
A	500	470	470	460
B	860–1015	790–930	710–850	640–790
C	705	620	545	475
D	600	600	600	600
E	780	700	660	590
F	420	420	420	420

2 Öryggisreglur

- ⓘ Við móttöku þarf að yfirfara alla hluta grindarinnar og ganga úr skugga um að hún hafi ekki skemmst í flutningi. Ef um skemmdir er að ræða, má ekki nota grindina. Hafið samband við þjónustuaðila.

2.1

Göngugrindin er eingöngu hönnuð sem gönguhjálpartæki og hana má ekki nota til annars.

2.2 Almennar varúðarleiðbeiningar



Sýnið aðgát við notkun í halla.



Handfangið sem notað er til þess að leggja grindina saman, má ekki nota til þess að lyfta grindinni upp þegar hún er í notkun.



Það má ekki standa á göngugrindinni né nota hana sem hjólastól eða til þess að flytja á henni fólk.



Notið ekki göngugrindina í tröppum, stigum eða rúllustigum. Látið grindina ekki standa óvarða í sterku sólarljósi. Ef handföng /sæti ná að hitna meira en 41°C getur það valdið 1. stigs bruna.

Fullvissið ykkur um að grindin sé í réttri stöðu og öryggislæsingin á, áður en þið gangið af stað.

Þegar sætið er notað verður grindin að vera kyrrstæð og í bremsu.

Það má ekki sitja á göngugrindinni og nota fæturna til þess að draga sig áfram.

Það má ekki snúa handföngunum útávið, það getur gert grindina óstöðuga.

Ef nota á grindina til stuðnings t.d. ef verið er að standa upp úr stól, verður hún alltaf að vera í bremsu. Farangur á að vera í körfu eða bakka


3 Notkun

3.1 Grindin opnuð.


Þrýstið á handföngin þannig að öll hjólin komi niður (sjá mynd) eða þrýstið sætinu niður. Það heyrst smellur þegar grindin er komin í rétta stöðu.



Fullvissið ykkur um að öryggislæsingin (A) sé á.




Það er hægt að taka upp sætið til þess að fá betra gangrými og til þess að auðveldara sé að ná í hluti í skápa og þ.h.




3.2 Að leggja grindina saman Losið öryggsspennuna.

- 1.
2. Takið í handfangið framan á sætinu og lyftið.



Aðvörun: Veltihætta

Það má aldrei stilla handföngin hærra en í hæstu stillingu sem er merkt á rörin (Sjá A)



Gætið þess að handföngin séu stillt innan merkinganna á rörunum. Örin á innanverðum rörunum bendir á lóðrétt strik sem sýna mörk leyfilegar stöðu á handföngunum.

Það er hægt að snúa handföngunum 30° að hámarki. lárétt.


3.3 Hæðarstilling á keyrsluhandfanginu

Losið stilliskrúfuna og stillið handfangið í rétta hæð.
Herðið skrúfuna.

Algengast er að handföngin séu stillt í úlnliðshæð.

Ef annars er óskað fáið leiðbeiningar hjá fagfólki.


Hægt er að skipta stilliskrúfunum út fyrir lásrær ef notandi er óvart að losa þær.



3.4 Stilling á bremsum


Ef bremsurnar eru slakar verður að stilla þær. Til þess þarf verkfæri (mynd) Þau fylgja ekki.

Það er hægt að stilla bremsuvírinn á tveimur stöðum, að ofanverðu undir bremsuhandfanginu og að neðanverðu ofan við spennuróna. Hafið bremsuhandfangið í hlutlausri stöðu. Losið móttakið og snúið lyklinum til vinstri til þess að herða á bremsunni. Bilið á milli spennuróarinnar og hjólsins ætti að vera 2 mm. Festið móttakið. Kannið bremsuvirknina með því að setja í bremsu og athuga hvort hjólin snúast.




Athugið að herða stilliskrúfunar eftir að er búið að stilla bremsurnar

3.5 Notkun handbremsu. (Akstursbremsa) Togið handföngin upp til þess að bremsa.



3.6 Notkun handbremsu. (Stöðubremsa) Þrýstið bremsuhandföngunum niður til þess að læsa hjólunum.

- ❗ Það er mikilvægt að læsa báðum hjólunum þegar grindin er kyrrstæð.
Losið bremsurnar með því að toga þær létt upp á við.



4 Viðhald og þrif

i Yfirfarið grindina að lágmarki 6. hvern mánuð.
Notið ekki hreinsiefni eða klúta með slípanði eiginleikum til þess að þrifa grindina.

Til þess að tryggja virkni og öryggi þarf eftirfarandi reglulegt viðhald.

Þrífið göngugrindina með venjulegum hreinsiefnum. Þurrkið með mjúkum klút. Haldið hjólunum hreinum.

Yfirfarið skrúfur og bolta.

Ef grindin virkar ekki eins og til er ætlast, hafið strax samband við þjónustuaðila.

Ef upp koma gallar/ grindin skemmist má ekki nota hana. Hafið samband við þjónustaðila.

Yfirfarið bremsurnar. Sjá leiðbeiningar í 3.6 ef þarf að stilla bremsurnar.

Ef gripin á handföngunum losna má ekki nota grindina. Skiptið um gripgúmí. Þau fást hjá söluaðila.

Yfirfarið hjólin reglulega og athugið hvort sé slit eða skemmdir. Hreinsið burt hár/ ló og önnur óhreinindi.

6 Ábyrgð

Það er 2 ára ábyrgð á grindinni frá afhendingardegi.

Slit er ekki innifalið í ábyrgðinni .

Skemmdir sem eru tilkomnar vegna of mikils þyngdarálags eða óeðlilegrar notkunar eru ekki bættar.

Skemmdir sem eru tilkomnar vegna of mikillar líkamsþyngdar notanda, yfir 150 kg (Futura) eru ekki bættar.

Til þess að ábyrgðin gildi þarf að fylgja leiðbeiningum um viðhald og umhirðu.